

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og urðun sorps í Hvalfjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar skal, skv. 5. gr. samþykktar nr. 582/2008 um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit, innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

Sumarhús (frístundahús)	12.320 kr. í sorphirðugjald
Íbúðarhúsnæði	24.340 kr. í sorphirðugjald
Íbúðir og sumarhús	2.500 kr. í sorpurðunargjald

Gjöld þessi miðast við vísitölu neysluverðs í október 2016 og uppfærast samkvæmt breytingum í janúar ár hvert, fyrst í janúar 2018 og skal gilda þannig næsta ár.

3. gr.

Sorphirðugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum. Gjald dagar fasteignagjalda verða 7 talsins á mánaðarfresti, 15. hvers mánaðar, í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí og ágúst, fyrsti gjalddagi 15. febrúar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1246/2012.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, 13. desember 2016.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.